



**Varðandi:** Starfshópur um framtíðarskipulag mötuneytismála  
**Málsnúmer:** 1902095  
**Dagsetning:** 12.02.2019

---

**TILLAGA:**

Bæjarráð samþykkir að fela skóla- og frístundaráði að móta tillögu um stofnun starfshóps um framtíðarskipulag mötuneytismála. Bæjarráð óskar þess að tillaga um framangreint verði lögð fyrir næsta fundi ráðsins sem verður þann 28. febrúar næstkomandi.

---

**GREINARGERÐ:**

Fulltrúar allra flokka í bæjarráði Akraness vilja setja það sem eitt af forgangsmálum á árinu 2019 að setja á laggirnar starfshóp sem hefur það hlutverk að koma með tillögu að framtíðarskipulagi um mötuneytismál í mennta- og þjónustustofnunum Akraneskaupstaðar.

Lögð er fram sú tillaga að fela skóla- og frístundaráði að móta tillögu um stofnun starfshópsins og skilgreina nánar hlutverk hans. Starfshópurinn skal skipaður fulltrúa meirihluta og minnihluta í bæjarstjórn Akraness en auk þess fulltrúa frá helstu hagaðilum sem vinna að málaflokknum svo sem fulltrúa leik- og grunnskóla o.fl.

Markmið verkefnisins eru m.a. að skoða hagræðingu í innkaupum, samþættingu milli stofnana og lýðheilsu markmið varðandi hollustu matar.

Með vísan til framanritaðs gerir bæjarráð ofangreinda tillögu.